

## Stjórnarfundur STEFs 27. janúar 2021

### Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs miðvikudaginn 27. janúar 2021 og hófst hann kl. 11:00. Um var að ræða fjarfund.

Fundarmenn voru: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Sigurður Flosason, Sigríður Thorlacius, Hallur Ingólfsson, Páll Ragnar Pálsson og Hildur Kristín Stefánsdóttir. Að auki sat Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjórinn fundinn.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 16. desember sem og útdráttur úr fundargerð lögð fram og samþykkt.
2. Fundargerð fulltrúaráðsfundar 17. desember, lögð fram til upplýsingar. Engar athugasemdir komu fram.
3. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram.

Lögð eru fram eftirfarandi skjöl:

- a) Drög að nýrri skipulagsskrá sjóðs STEFs og Þjóðkirkjunnar.  
Drögin voru samþykkt fyrir utan nafn sjóðsins. Stjórnin taldi mikilvægt að nafn STEFs kæmi fram í nafni sjóðsins, þannig að styrkþegar áttuðu sig á því að STEF stæði að baki sjóðnum.
- b) Drög að nýjum reglum mennta- og menningarmálaráðuneytis um kirkjulegar athafnir o.fl. Engar athugasemdir voru gerðar.
- c) Bréf VMM sáttasemjara v IHM  
Gerð var grein fyrir stöðu mála innan IHM og aðkomu sáttasemjara til að koma með tillögu til úthlutunar. Þar sem um er að ræða mjög mikilvæga hagsmuni fyrir STEF, var samþykkt að leita til sjálfstætt starfandi lögmanns til að skoða þær greinargerðir sem STEF hefur nú þegar lagt fram í málinu og aðstoða samtökin við framsetningu kröfu og rökstuðnings.
- d) Kynjagreining STEFs 2020  
Lögð var fram ný kynjagreining. Hlutfall kvenna innan STEFs hækkar með ári hverju, hins vegar fylgja tölur um úthlutun þeirri þróun ekki eftir og í fyrsta sinn síðan 2012 lækkar úthlutun til kvenna milli ára. Stjórnin vill gjarnan gera þessar tölur opinberar og auka umfjöllun um stöðu kvenna í tónlistargeiranum. Nú þegar hefur stjórn farið í tiltekna aðgerðir, sem ætlað er að styðja konur sérstaklega, eins og mentorprogrammið „Vindur í seglum“ sem og það, að styrkja konur til þátttöku í lagahöfundabúðum. Ljóst er að full þörf er á slíkum verkefnum.

4. Erindi IHM vegna umsýslu réttinda og innheimtu gjalda vegna dreifingar sjónvarpsefnis á hótélum og gistiheimilum.

Lagt var fram bréf IHM ásamt minnisblaði skrifstofu STEFs.

Ákveðið að fylgja tillögu minnisblaðsins og bjóða IHM upp á samningaviðræður um umsýsluna, með þeim fyrirvörum sem þar koma fram.

5. Áskorun til framleiðenda sjónvarpsefnis og kvikmynda.

Drög að bréfi sem byggt er á dönsku fordæmi var lagt fram á síðasta stjórnarfund. Drögin voru samþykkt óbreytt. Þá var lagt til að bréfið yrði einnig sent til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

6. Breyting á verðskrá tónleika vegna styrkja.

Lögð er fram tillaga skrifstofu um að skýra betur út í verðskrá STEFs hvað teljist vera heildartekjur tónleika sem greiða skal af höfundaréttargjöld. Í því sambandi er lagt til að ljóst verði af orðalagi verðskrárinnar, að allir styrkir, jafnt opinberra aðila sem og einkaaðila, teljist til heildartekna. Telur skrifstofan gott að hafa þetta skýrara í verðskránni, en fordæmi eru fyrir því að slíkir styrkir hafi verið reiknaðir sem hluti heildartekna ef augljóst hefur verið að tónleikahaldari hefur fengið slíka styrki. Ekki er gert ráð fyrir því að þessi breyting hafi mikil áhrif á framkvæmd innheimtunnar.

Eftir nokkrar umræður um málið er sammælt um að hafa samráð við BÍT – Bandalag íslenskra tónleikahaldara – og að fresta afgreiðslu málsins til næsta stjórnarfundar.

7. Fyrirframgreiðslur vegna COVID-19 – framhald?

Í yfirliti um rekstur til stjórnar var að finna útlistun á framkvæmd staðlaðra fyrirframgreiðslna sem STEF bauð á árinu 2020 til meðlima sinna. Framkvæmdin gekk almennt vel, en 38 höfundar nýttu sér úrræðið og voru samtals greiddar út kr. 11.150.000. Ákveðið var að bjóða upp á þetta úrræði að nýju og miða þá við sömu flokka og forsendur og áður. Höfundar sem nýttu sér úrræðið á árinu 2020 og annaðhvort náðu ekki að greiða upp skuldina við aðalúthlutun eða nýttu sér úrræðið eftir 1. september – og þ.a.l. kom skuld þeirra ekki til uppgreiðslu á árinu – munu einnig geta nýtt sér úrræðið að fullu.

8. Úthlutunarreglur STEFs endurskoðun

Ákveðið var að fara í heildarendurskoðun úthlutunarreglna STEFs og setja saman sérstaka *ad hoc* nefnd til þess starfs. Ákveðið var að leita til Atla Ingólfssonar, Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar og Óttarr Proppé um að taka sæti í nefndinni vegna þekkingar þeirra á efninu. Gert er ráð fyrir að nefndin muni skila af sér tillögum til stjórnar í september 2021 og væri þá hægt að kynna málið á fulltrúaráðsfundi í desember og síðan samþykkja endanlega á fulltrúaráðsfundi vorið 2022. Í þessari vinnu verða einföldun og gegnsæi höfð að leiðarljósum, sem og það að færa verklagsreglur um úthlutun að miklu leyti inn í úthlutunarreglurnar. Stefnt er að því að endurskoðun á handbók vegna úthlutana verði tilbúin á sama tíma.

a) Dagskrárstef

Lögð fram tillaga til stjórnar um breytingu á verklagsreglum.

Tillagan gengur út á að sá hluti tekna sem tekinn er til hliðar vegna dagskrárstefja verði miðaður við heildarúhlutun frá viðkomandi fyrirtæki. Þá verði þeim hluta skipt upp á milli útvarps og sjónvarps og/eða mismunandi stöðva viðkomandi fyrirtækis.

b) Sérstök úthlutun vegna útvarpsflutnings – með og án vægis.

Ekki var rætt sérstaklega um þennan lið, heldur verður hann eitt af því sem ný endurskoðunarnefnd úthlutunarreglna mun skoða í vinnu sinni.

c) Pak á hlutdeild upptökustjóra / útsetjara.

Lagt fram minnisblað með tillögum til stjórnar.

Málinu var frestað.

9. Önnur mál

a) Gerð var grein fyrir stöðu umsókna í lagahöfundabúðir.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:30.